

- 168 b) að sjá um útlán sundlaugarinnar til sýninga og kappmóta,
 30. ágúst c) að ráða starfsmenn til daglegs rekstrar, eftir því sem nauðsynlegt telst, og setja þeim erindisbréf,
 d) að taka ákvarðanir um viðhald eignarinnar og áhaldakaup,
 e) að gera tillögur um endurbætur og viðbótarbyggingar, ef æskilegar teljast,
 f) að annast fjárreiður eignarinnar,
 g) að kveða á um gjöld fyrir notkun laugarinnar.

7. gr.

Sundlaugina má eingöngu nota til íþróttaiðkana. Skólar innan hreppsins og ungmennafélagið skulu hafa forgangsrétt til afnota af lauginni.

8. gr.

Um ræsting og viðhald sundlaugarinnar fer samkvæmt fyrirmælum reglugerðar um íþróttamannvirki.

9. gr.

Eftirlit með daglegum rekstri sundlaugarinnar er í höndum sundlaugarvarðar, sem sjái um að umgengni sé góð, hafi eftirlit með ræstingu, sjái um að hæfilegur hiti sé í öllum herbergjum og hreint og hæfilega heitt vatn í lauginni. Einnig annist hann baðvörzlu. Sundlaugarvörður annist ræstingu á böðum og búningsherbergjum, einnig þvott á skýlum og handklæðum, ræstingu laugarþróar, stétta, baða og búningsherbergja og annað það, sem honum kann að verða falið í erindisbréfi.

10. gr.

Reikningsár sundlaugarinnar er almanaksárið.

11. gr.

Ágóða af rekstrinum skal verja til nauðsylegra áhaldakaupa, viðhalds og endurbóta og nýbygginga eftir því sem ástæða virðist til.

12. gr.

Sundlaugarnefnd annist kaup á áhöldum og sé stofnunin eigandi þeirra allra.

Í menntamálaráðuneytinu, 30. ágúst 1951.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.

169

31. ágúst

GJALDSKRÁ

fyrir uppboðshaldara, sett samkvæmt lögum nr. 57 frá 1949.

1. gr.

Tilkynningar og uppboðsskilmálar:

- a. Fyrir tilkynningu til skuldara um sölubeiðni greiðist kr. 5.00
 b. Fyrir frumvarp að uppboðsskilmálum — 25.00

2. gr.

Innheimtugjald uppboðshaldara:

- a. Án sölu:
 Af upphæð þeirri, er uppboðshaldari innheimtir eða innheimtist fyrir hans atbeina greiðist 1%

b. Við sölu:

169

31. ágúst

1. Fasteignir og skip:

Af upphæð þeirri, er uppboðshaldari innheimtir eða innheimtist fyrir fyrir hans atbeina greiðir kaupandi

af fyrstu 100 000 krónum	3%
af næstu 400 000 krónum	2%
af fjárhæð þar yfir	1%

Þessi gjaldskrá gildir og þótt eign sé lögð út, sbr. 32. gr. uppboðslaganna.

2. Lausafé:

Innheimtugjald frá kaupanda:

a. Með gjaldfresti	6%
b. Við staðgreiðslu	3%

Innheimtugjald frá seljanda:

a. Með gjaldfresti — uppboð undir 3 þús. kr.	6%
frá 3—10 þús. kr.	5%
yfir 10 þús. kr.	4%
b. Með staðgreiðslu	4%

Innheimtulaun samkvæmt þessari grein skal þó eigi greiða af þeim hluta uppboðsandvirðis, sem kaupandi tekur undir sjálfum sér, áfram stendur veðtryggt í eign eða kaupandi og kröfuhafi semja um greiðslu á án nokkurs atbeina þess, er innheimtu annast.

Þessi gjaldskrá gildir og við frjáls uppboð, ef eigi er um annað samið.

Dómsmálaráðuneytið, 31. ágúst 1951.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.

G J A L D S K R Á

170

4. sept.

fyrir Rafveitu Hellissands.

I. RAFORKA

Rafveita Hellissands selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

- a. **Almenn heimilisnotkun.** Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á kr. 1.60 hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, 4 kr. á mánuði af hverju herbergi í íbúð.

Til herbergja í íbúð skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal reikna sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

Af verzlunar- og skrifstofuhúsnæði og sjóhúsum greiðist hálf fastagjald af herbergjum.

Óheimilt er að nota fasttengd rafmagnsáhöld til suðu eða hitunar, svo sem eldavélar og fasttengda ofna, nema að fengnu leyfi rafveitunefndar, og má